

Ráðhús Hafnarfjarðar
b.t. Rósa Guðbjartsdóttir, bæjarstjóri
Strandgötu 6
220 Hafnarfirði

Efni: Ósk um samstarf Hafnarfjarðarbæjar við eigendur verslunarmiðstöðvarinnar Fjarðar

Undirritaður, f.h. 220 Fjarðar ehf., kt. 620615-1290, Fjarðargötu 13-15, 220 Hafnarfirði (hér eftir „220 Fjörður“ eða „félagið“) sendir inn erindi þetta til Hafnarfjarðarbæjar (hér eftir „bærinn“) vegna beiðni félagsins um mögulegt samstarf félagsins og bæjarins inni í væntanlegri nýbyggingu við verslunarmiðstöðina Fjörð.

220 Fjörður hyggst reisa nýbyggingu á lóð að Strandgötu 26-30, 220 Hafnarfirði sem verður allt að 6.000 m². Um er að ræða byggingu sem mun tengjast við eldra húsnæði Fjarðar verslunarmiðstöðvar að Fjarðargötu 13-15 og verður hluti af verslunarmiðstöðinni. Gert er ráð fyrir að framkvæmdir við bygginguna muni hefjast á tímabilinu 2020-2021.


Félagið býður Hafnarfjarðarbæ að taka á leigu um 1.400-2.000 m² fyrir starfsemi á vegum bæjarfélagsins, sem laðar að fólk, sbr. menningarmiðstöð, bókasafn eða aðra þjónustu. Með tilkomu nýbyggingarinnar er komin forsenda fyrir matvöruverslun, betri tenging skapast við Strandgötuna, aukið líf fæðist í miðbæinn og störfum og vinnustöðum mun fjölga verulega. Um er að ræða framkvæmd sem mun að mati undirritaðs efla atvinnulíf Hafnarfjarðar og gera bæinn þann eftirsóknarverðasta á höfuðborgarsvæðinu.

Undirritaður er tilbúinn að koma á fund forsvarsmanna bæjarins til að gera betur grein fyrir erindi þessu og þeirri hugmyndafræði sem að baki býr, fyrirhuguðum framkvæmdum, tímaramma og öðru er tengist verkefninu. Rétt er að taka fram að félagið leggur ríka áherslu að verkefnið allt sé unnið í miklu samstarfi og samvinnu við bæjaryfirvöld og íbúa.

Reykjavík, 10. júlí 2020

Virðingarfyllt,

f.h. 220 Fjörður ehf.


Guðmundur Bjarni Harðarson